

Fyrirspurn til bæjarstjóra

Á fundi bæjarstjórnar þann 24. október sl. var gerð bókun sem féll ekki undir neinn dagskrárlið og án þess að afbrigði væru samþykkt. Í bæjarmálasamþykkt er fjallað um rétt bæjarfulltrúa til bókunar, sbr. *j-liður 16.gr: Réttur til bókunar. Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.*

Réttur til bókunar takmarkast því við þau mál sem eru á dagskrá. Ég óska eftir skýringum á því hvaða heimildir eru til staðar til þess að bóka með þessum hætti um mál sem ekki eru á dagskrá.